# Iðnþróunarfélag Eyjafjarðar hf

Afhending 1022/4

Iðnþróunarfélag Eyjafjarðar var stofnað árið 1982 og voru stofnendur félagsins 28, þar á meðal voru sveitarfélög, samtök launafólks, kaupfélög og Eyjafjarðarsýsla.

Fyrst hét félagið Iðnþróunarfélag Eyjafjarðarbyggða en var fljótlega breytt í Iðnþróunarfélag Eyjafjarðar.

Tilgangur félagsins var að stuðla að iðnþróun á Eyjafjarðarsvæðinu með skipulegri leit að hagkvæmum fjárfestingartækifærum á sviði iðnaðar og hafa frumkvæði að stofnun slíkra fyrirtækja í samvinnu við aðra.

Iðnþróunarfélagið var lagt niður árið 1998 þegar Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar varð til og tók við verkefnum Iðnþróunarfélagsins.

Skjölin eru ekki skráð í aðfangabók og fengu þess vegna fyrrgreint númer. Önnur skjöl frá félaginu komu í afhendingu 2002/54.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
3. ágúst 2022

Lára Ágústa Ólafsdóttir
héraðsskjalavörður

| Skjalaf. | Askja | Örk | Tímabil | Efni |
|---|---|---|---|---|

## A-Almennt

### A-Almennt

1982 - 1989

| Skjalaf. | Askja | Örk | Tímabil | Efni |
|---|---|---|---|---|
| A | 1 | 1 | 1982 - 1982 | Gögn varðandi stofnun félagsins, s.s. drög að lögum og stofnsamningi og fundarboð á stofnfund |
| A | 1 | 2 | 1983 - 1989 | Bréf og fleira tengt aðalfundum og starfi félagsins: Ársskýrsla 1982; aðalfundargerð 1983; skýrsla nefndar um hugsanlega stofnun Iðnþróunarsjóðs Eyjafjarðar (1983); bréf varðandi aukningu hlutafjár í félaginu; aðalfundargerð 1984; fundarboð og fundargögn vegna aðalfundar 1984, 1985 og 1986; skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra á aðalfundi 1986; fundarboð vegna aðalfundar 1987; fylgiskjöl með aðalfundargerð félagsins 1989. |
| A | 1 | 3 | 1987 - 1987 | Hlutabréf nr A 10 í félaginu - eigandi Hrafnagilshreppur. |